

**147. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarherbergi 4. hæð í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, þriðjudaginn 7.
maí 2024 og hófst hann kl. 09:00.**

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Þorbjörn Halldór Jóhannesson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, Valur Richter var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Magnús Einar Magnússon og Bernharður Guðmundsson aðalmaður.

Embættismenn:

Smári Karlsson, verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Smári Karlsson, verkefnastjóri.

Dagskrá:

1. Kría í sveitafélaginu - 2020030082

Cristian Gallo, náttúrufræðingur hjá Náttúrustofu Vestfjarða, mætir til fundar til að ræða kríuvarp í sveitarfélaginu.

*Umhverfis- og framkvæmdanefnd þakkar Cristian Gallo fyrir fróðlegt erindi.
Umhverfis- og framkvæmdanefnd telur að þær aðgerðir sem farið hefur verið í á síðustu árum hafi ekki skilað árangri.*

2. Fundargerðir heilbrigðisnefndar og ýmis erindi 2024 - 2024020117

Lagður fram tölvupóstur Antons Helgasonar, heilbrigðisfulltrúa, dagsettur 19. apríl 2024, ásamt fundargerð 147. fundar stjórnar Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, en fundur var haldinn 18. apríl 2024, auk ársskýrslu 2023.

Bæjarráð tók málið fyrir á 1281. fundi sínum þann 22. apríl 2024, og vísaði málinu til kynningar í umhverfis- og framkvæmdanefnd.

Lagt fram til kynningar.

3. Sorpmál - eftirlit og skýrslur 2024 - 2024010050

Lagt fram bréf Unnars Hermannssonar, framkvæmdastjóra Kubbs ehf., dags. 5. maí 2024, um jarðgerð í Ísafjarðarbæ.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd telur að meðferð verktaka á lífúrgangi sé ekki í samræmi við verklýsingu verksamnings. Starfsmanni nefndar falið að taka saman gögn og yfirfara verklýsingu með verktaka.

4. Vorhreinsun 2024 - 2024050020

Lagt fram minnisblað Smára Karlssonar, verkefnastjóra á umhverfis- og eignasviði, varðandi hreinsun opinna svæða.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd felur starfsmanni að undirbúa hreinsunaráttak í sveitarfélaginu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir

Magnús Einar Magnússon

Bernharður Guðmundsson

Smári Karlsson